

Rektor setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur f.h. dómnefndar HA
Hjörleifur Einarsson prófessor
Sigurður Kristinsson staðgengill rektors

Rektor bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 284. fundar

0909006

Rektor bar upp fundargerðina og var hún samþykkt

2. Dómnefndarálit

0906063 prófessorsumsókn, Stefán B. Sigurðsson.

Rektor vék af fundi. Sigurður Kristinsson staðgengill rektors kom á fund og stýrði þessum dagskrárlíð.

Bauð hann Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur velkomna. Kynnti hún álit dómnefndar um framgangsumsóknina. Dómnefnd telur Stefán B. Sigurðsson hæfan til að gegna ólaunaðri stöðu prófessors í lífeðlisfræði við HA. Háskólaráð samþykkti álit dómnefndar einróma.

Sigurður Kristinsson fór af fundi og Stefán B. Sigurðsson rektor tók aftur við stjórn hans. Guðríður Gyða kynnti álit dómnefndar um tvær framgangsumsóknir. Að því loknu þakkaði rektor henni fyrir og fór Guðríður Gyða af fundi.

0903078 framgangsumsókn dósent-prófessor, Rúnar Sigbórsson. Dómnefnd telur Rúnar Sigbórsson hæfan til að hljóta framgang úr stöðu dósents í stöðu prófessors við HA. Háskólaráð samþykkti álit dómnefndar samhljóða, tveir sátu hjá.

0906038 framgangsumsókn dósent-prófessor, Snæfríður Þóra Egilson.

Dómnefnd telur Snæfríði Þóru hæfa til að gegna stöðu prófessors við HA. Háskólaráð samþykkti álit dómnefndar einróma.

Rektor greindi frá því að Reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang

háskólakennara við HA, nr. 1207/2007 með síðari breytingum, verða endurskoðaðar og eiga nýjar reglur að taka gildi um næstkomandi áramót. Nýjar framgangsúmsóknir bíða úrvinnslu þangað til.

3. Samningur milli HA og sjúkrahúss og heilsugæslu á Akranesi

0904044

Árún Kr. Sigurðardóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Árún kynnti samninginn sem gerður var 7. október 2009 til fimm ára. Með honum öðlast nemandur HA í verklegu námi sömu réttindi og starfsfólk viðkomandi heilbrigðisstofnana. Samningurinn felur í sér yfirlýsingu um vilja til samstarfs um rannsóknir. Um þær verður samið sérstaklega í hverju tilviki. Árún telur samninginn til mikilla hagsbóta fyrir nemendur heilbrigðisvísindasviðs og vill gjarna að fleiri slíkir verði gerðir.

Rektor þakkaði Árónu fyrir og fór hún af fundi.

4. Rekstraryfirlit janúar-október

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði og skýrði út yfirlitið. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 1.112.087 mkr. eða 82.16% af áætlun ársins. Rekstrarkostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 98.881 mkr. eða 92.76% af áætlun. Viðmiðið er 83.33%. Yfirlitið sýnir brúttókostnað og eftir er að færa ýmsar tekjur á móti. Rekstrarkostnaður stofnana og setra með eigin tekjur er 144.575 mkr. eða 78.13% af áætlun ársins. Þar á einnig eftir að færa tekjur á móti kostnaði. Í heild er reksturinn innan áætlunar og eru allar líkur á að svo verði í árslok. Úlfar ítrekaði nauðsyn þess að halda útgjöldum í lágmarki, sérstaklega þeim sem eru mjög háð lágu gengi krónunnar. Taldi hann ástæðu til að þakka starfsfólki HA fyrir að náðst hefur að spara útgjöld það sem af er ári til að mæta niðurskurði á framlagi ríkisins.

Þakkaði rektor Úlfari fyrir yfirlitið.

5. Niðurskurður fjárveitinga 2009 og 2010

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá vinnu sem fram fer innan háskólans vegna niðurskurðar á opinberum fjárveitingum til háskólans næstu ár. Allur rekstur háskólans er þar til skoðunar. Ólafur Halldórsson greindi frá helstu möguleikum sem háskólinn hefur til að hagræða í rekstrinum. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að vinna innri og ytri stefnumótun fyrir háskólann. Rætt var um sérstöðu HA meðal íslenskra háskóla og á norðurlóðum. Einnig um nauðsyn þess að stundaðar væru rannsóknir við háskólann og mögulegar hvetjandi aðgerðir til að auka fjármagn til rannsókna. Háskólaráð samþykkti að Ólafur, Úlfar og rektor ynnu áfram að málinu.

Samráðsnefnd HA og HÍ vann að því að auka samstarf háskólanna og töldu fundarmenn mjög æskilegt að HA hefði frumkvæði í þeim efnum. Samþykkti háskólaráð að óska eftir að vísindaráð HA kannaði hvar styrkur háskólans liggur einkum og hverjir eru helstu veikleikarnir.

Þóroddur óskaði eftir staðfestingu á því að áætlun um niðurskurð við HA yrði rædd í háskólaráði áður en endanleg niðurstaða verður send menntamálaráðuneytinu í byrjun desember. Rektor og framkvæmdastjóri staðfestu að svo yrði gert.

Aðalheiður fór af fundinum.

6. Verklagsreglur fyrir rannsóknasjóð HA

0911042

Hjörleifur Einarsson prófessor kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Rakti hann tillögur að breytingum á verklagsreglunum sem stjórn rannsóknasjóðs leggur til að gerðar verði.

Þóroddur spurði hvort túlka bæri ákvæði um að „Útlagður kostnaður greiðist út samkvæmt árituðum reikningum“ sem svo að framvegis yrði ekki hægt að óska eftir því að rannsóknastyrkir væru millifærðir í einu lagi inn á rannsóknareikning í bókhaldi HA heldur myndi stjórnarsýsla rannsókna greiða einn reikning í einu. Rektor taldi ljóst að þetta ákvæði ætti að túlka sem svo að áfram mætti með samþykki stjórnarsýslu rannsókna færa styrki í einu lagi til bókhalds HA sem síðan myndi greiða reikninga sem áritaðir væru af styrkþega.

Þóroddur benti á að ákvæði um að annars vegar væri aðeins veittur styrkur til eins almanaksárs og hins vegar yrðu síðustu 15% styrks greidd þegar lokaskýrslu yrði skilað til Rannsóknasjóðs HA myndu leiða til þess að viðkomandi rannsóknarreikningar yrðu í mínus um áramót nema lokaskýrslu væri skilað fyrir áramót. Slíkt stríddi gegn verklagsreglum bókhalds HA. Rektor taldi ekki ástæðu til að breyta þessum ákvæðum. Þóroddur benti á að það fyrirkomulag að RHA sjái um umsýslu umsókna í rannsóknasjóð HA en sé jafnframt samstarfsaðili ákveðinna umsækjenda sé óheppilegt og gæti verið brot á góðri stjórnarsýslu eða í það minnsta vakið grun um slík brot meðal annarra umsækjenda. Rektor sagði að stjórnarsýslulögum yrði fylgt hvað þetta varðar.

Voru verklagsreglur fyrir rannsóknasjóð HA samþykktar og fór Hjörleifur af fundi. Baldur fór einnig af fundinum.

7. Skipun jafnréttisráðs

0910641

Rektor greindi frá nýskipuðu jafnréttisráði, en í því sitja: Anna Elísa Hreiðarsdóttir, til vara Finnur Friðriksson Hermann Óskarsson, til vara Elín Ebba Ásmundsdóttir Fjóla Björk Jónsdóttir, til vara Ögmundur Knútsson Rúnar Gunnarsson, til vara Steinunn Aðalbjarnardóttir Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir, til vara Ragnar Sigurðsson.

8. Ályktun aðalfundar Eypings

0910642

Rektor las yfir ályktun frá aðalfundinum sem haldinn var 25. og 26. sept. sl. Fundarmenn lýstu ánægju með efni ályktunarinnar.

9. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá því að þrír starfsmenn HA munu sækja Þjóðfund í Laugardalshöll þann 14. þ.m., þau Bragi Guðmundsson prófessor, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir frkvstj. RHA og Jón Þorvaldur Hreiðarsson lektor og sérfræðingur á RHA.

Næsti fundur var ákveðinn 30. nóvember kl. 13.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.25..

